

Tillaga til 498. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. september 2022

Tillaga frá 1209. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 5. september 2022, um að bæjarstjórn samþykki að Gauti Geirsson og Andrea Harðardóttir verði fulltrúar Ísafjarðarbæjar í Hornstrandanefnd, samráðsnefnd um friðlandið á Hornströndum.

4. Samstarfsnefnd um friðlandið Hornstrandir - tilnefning fulltrúa - 2014120033

Lagður fram tölvupóstur Kristínar Óskar Jónasdóttur, teymisstjóra Umhverfisstofnunar, dags. 25. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir því að Ísafjarðarbær tilnefni tvo fulltrúa í Hornstrandanefnd, samráðsnefnd um friðlandið á Hornströndum.

Skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 kemur fram í 9. grein að Umhverfisstofnun og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefni hvort um sig þrjá aðila í samráðsnefnd um málefni friðlandsins. En undanfarna áratugi hefur Umhverfis óskað eftir því að tveir af sínum fulltrúum komi frá Ísafjarðarbæ. Er það ósk okkar að svo verði áfram.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að Gauti Geirsson og Andrea Harðardóttir verði fulltrúar Ísafjarðarbæjar í Hornstrandanefnd, samráðsnefnd um friðlandið á Hornströndum.